



Íbúasamráð í skipulagsmálum

Þróun verklagsreglna

16. júní 2022

one /22061304

Minnisblað

Þróun verklagsreglna um íbúasamráð í skipulagsmálum.

Lögð fram tillaga um að hafin verði vinna við þróun verklagsreglna um íbúasamráð í skipulagsmálum með það fyrir augum að auka upplýsingarflæði til íbúa og virkja íbúa til að taka þátt í skipulagsferlinu með því að auðvelda þeim að koma sjónarmiðum sínum á framfæri frá fyrstu stigum.

Verklagsreglurnar skulu taka mið af þeim lögboðnu kröfum sem settar eru fram í skipulagslögum og skipulagsreglugerð um samráð ásamt þeim umframskrefum sem Kópavogsbær þykir æskilegt að taka svo tryggt sé að upplýsingar berist sem flestum og að þeim gefist kostur á þátttöku í ferlinu.

Verklagsreglurnar skulu taka á umfangi og gæðum kynningargagna, fyrirkomulagi kynninga í hinum ýmsu miðlum, kynningar- og samráðsfunda.

Lagt er til að leitað verði til íbúa um þeirra sjónarmið varðandi kynningar og þátttöku í skipulagsferlinu t.d. með almenntri íbúakönnun eða með rýnihópi íbúa.

Skipulagsdeild leggur enn frekar til að vefsvæði skipulagsdeildar á heimasíðu Kópavogsbæjar verði uppfært til að auðvelda almenningi aðgengi að gildandi skipulagsáætlunum ásamt skipulagsáætlunum í vinnslu. Þar verði verklagsreglurnar einnig gerðar aðgengilegar.

Þá er lagt til að skoðað verði hvort nýta megi samráðsvefinn Betra Ísland frekar við íbúasamráð í skipulagsmálum.

Skipulagsdeild telur að skoða ætti hvort leita eigi til ráðgjafa um að stýra vinnunni.

Virðingarfyllst,

Auður D. Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi